

hæð kr. 30.000, sem gerðarbeiðandi Dagmar Árnadóttir greiddi. Upplesið, staðfest.

Karen Árnadóttir. Dagmar Árnadóttir. Guðný Árnadóttir.

Rétturinn var ná fluttur að Laugavegi 176 í húsakynni sjónvarpsins, og var þar mættur framkvæmdastjóri þess, Pétur Guðfinnsson, og með honum lögfræðingur Ríkisútvarpsins, Þór Vilhjálmsson prófessor.

Lögfræðingurinn óskaði bókað, að hann mótmælti því, að gerð þessi fari fram. Í fyrsta lagi vegna þess, að hann telur, að Ríkisútvarpið þurfi almennt ekki að sæta slíku lögbanni. Í öðru lagi segir hann, að Pétur Pétursson telji, að engin ólögsmæt ummæli séu í þættinum um Árna heitinn Pálsson.

Hann óskar að taka fram, að bæði í gær og dag hafi gerðarbeiðendum staðið til boða að hlýða á umræddan þátt.

Fógeti tók fram, að umrætt lögbann væri þegar lagt á.

Lögfræðingur Ríkisútvarpsins bendir á, að þáttur þessi væri á dagskrá klukkan 2035—2144 í kvöld og nú væri klukkan 1615 og því tæknilegir erfiðleikar og erfiðleikar samkvæmt höfundarétti að koma breytingum á þættinum fram.

Þriðjudaginn 10. júní 1975.

Nr. 15/1974. **Guðbjartur Kristinsson vegna sín og ófjárráða barna sinna: Guðbjargar, Hafþórs, Kristins og Jóhönnu**
 gegn
Sigurbergi Baldurssyni
Friðbergi Þór Leóssyni og
Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Óskað álitserðar Læknaráðs.

Urskurður Hæstaréttar.

Í máli þessu krefja áfrýjendur stefndu um skaðabætur vegna fráfalls Þóru G. Kristjánsdóttur, er beið bana í bif-

reiðaslysi á Vatnsskarði 3. júlí 1971 um eða laust eftir klukkan 0200. Þóra var farþegi í bifreiðinni Ö 1470, en ökumaður var stefndi Friðbergur Þór Leósson. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi neytt áfengis af tegundinni Dubonnet á tímabilinu frá því að bifreiðin var stödd við Bifröst í Borgarfirði, að því er virðist um klukkan 2200 hinn 2. júlí, uns hann tók við stjórn hennar á Blönduósi um klukkan 0030 um nóttina. Í blóðsýni, sem tekið var úr ökumanni á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki klukkan 0600 hinn 3. júlí, reyndist magn „reducerandi“ efna samsvara 0.53% af alkóhóli samkvæmt vottorði prófessors Jóns Steffensens 12. júlí 1971. Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Rannsóknastofu í lyfjafræði um bruna alkóhóls í mannslíkama, dags. 12. nóvember 1969.

Rétt þykir með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar Læknaráðs um eftirtalin atriði:

1. Fellst Læknaráð á framangreint vottorð Rannsóknastofu í lyfjafræði? Ef ekki, hvert er álit Læknaráðs á sama efni?
2. Hve mikið magn „reducerandi“ efna má ætla, að verið hafi í blóði Friðbergs Þórs Leóssonar, er hann hóf akstur bifreiðarinnar Ö 1470 á Blönduósi um klukkan 0030 hinn 3. júlí 1971?
3. Telur Læknaráð, að skýrslur Friðbergs Þórs Leóssonar um áfengisneyslu hans samrýmist niðurstöðu blóðrannsóknarinnar?

Á l y k t a r o r ð :

Læknaráð láti í té álitserð samkvæmt framangreindu.